

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 372 25. október 1976 um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berkla sjúklinga.

1. gr.

1. máls. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 600,00 en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 50,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 32 5. maí 1969 og lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1983.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 589 14. september 1981.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 12. júlí 1982.

Friðjón Þórðarson.

Ólafur W. Stefánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið hinn 13. júlí 1982 staðfest uppdrátt af aðalskipulagi Hveragerðishrepps.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Hveragerðishrepps og Skipulagsstjórn ríkisins. Jafnframt er úr gildi felldur aðalskipulagsuppdráttur sá af Hveragerðishreppi, sem staðfestur var að félagsmálaráðuneytinu 18. maí 1971 sbr. auglýsingu nr. 90 sem birt var í B-deild Stjórnartíðinda 1971.

Félagsmálaráðuneytið, 14. júlí 1982.

F.h.r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.